



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu 150 Reykjavík

sími: 545 8400 bréfasími: 562 4014

postur@for.stjr.is

www.raduneyti.is

Fréttatilkynning

Nr.: 42/2009

Efni: **Staða mála á verkefnaskrá ríkisstjórnar 7. apríl 2009**

Verkefnalisti ríkisstjórnar Samfylkingar og Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs er varðar heimilin og fyrirtækin var kynntur á blaðamannfundi 7. apríl 2009. Eins og sjá má standa enn nokkur mál útaf og eiga eftir að fá afgreiðslu á Alþingi. Flest málin eru enn í 2. umræðu en afgreiðsla laga um skattamál (undanskot og skattfrankvæmd) og lög um listamannalaun eru í þriðju umræðu.

Listann í heild má sjá hér að neðan.

FYRIRTÆKIN

- Endurreisn efnahagslífsins er háð því að fyrirtækin í landinu geti starfað af fullum krafti.
- Þess vegna hefur verið gripið til þess ráðs að léttu greiðslubyrði tolla og virðisaukaskatts ásamt því að koma á sveigjanlegri gjalddögum aðflutnings- og vörugjalda.
- Til að tryggja næg verkefni í byggingariðnaði hefur framkvæmdum verið flýtt á vegum ríkisins, uppbyggingu tónlistarhúss verður haldið áfram og hlutfall endurgreiðslu virðisaukaskatts í byggingariðnaði hækkað í 100%.
- Íbúðalánasjóður hefur fengið rýmri heimildir til að lána til viðhaldsverkefna sem skapar störf.
- Unnið er samkvæmt áætlun um land allt sem mun skapa allt að 6000 störf, þar af 2000 í orkufrekum iðnaði.
- Meira fé rennur nú til ferðamála en nokkru sinni fyrr. Það skapar störf og færir gjaldeyri inn í landið.
- Nýsköpunarstarf hefur verið eflt, frumkvöðlasetur sett á stofn og ákveðið að ívilna sprotafyrirtækjum.
- Frumkvöðlastyrkir hafa verið teknir upp og brúarstyrkir eru veittir fyrir lengra komnar hugmyndir á sviði nýsköpunar. Sérstakir öndvegisstyrkir verða veittir á sviði orkulíftækni og innlendraeldsneytisframleiðslu, sjálfbærrar ferðamennsku og vistvænnar hönnunar og skipulags.
- Fyrirtæki geta nú ráðið til sín starfsfólk með styrk ríkisins, í starfsþjálfun, til reynslu, í

átaksverkefni og nýsköpun.

- Hlutabætur bjóðast á móti hlutastarfi.
- Vinnumálastofnun býður upp á mörg fleiri úrræði fyrir þá sem eru að leita að vinnu.
- Til að laða til landsins gjaldeyri og atvinnu hefur endurgreiðsluhlutfall vegna kvikmyndagerðar verið hækkað úr 14 í 20%.
- Nú sér fyrir endann á endurreisn bankakerfisins í samræmi við samþykktu stefnumörkun.
- Stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna hefur breytt reglum sjóðsins til að koma frekar til móts við þá sem hafa orðið fyrir áföllum eins og til dæmis atvinnumissi.

HEIMILIN/EINSTAKLINGAR

- Mikilvægt er að styðja við heimilin í landinu, standa vörð um velferð borgaranna og styrkja öryggisnet samfélagsins.
- Þess vegna hefur verið gripið til aðgerða sem lækka greiðslubyrði húsnæðislána um 10 – 50%.
- Þeir sem standa höllum fæti geta tekið út eina milljón króna af séreignarsparnaði sínum og hjón eða sambýlingar tvær milljónir.
- Íbúðalánasjóður hefur margvísleg úrræði til að létta byrði skuldara og nú hafa allar fjármálastofnanir í landinu fengið sömu heimildir. Bankar geta því fryst húsnæðislán til allt að þriggja ára.
- Ný lög um ábyrgðarmenn takmarka ábyrgð m.a. þannig að ekki má ganga að húseign ábyrgðarmanns.
- Búið er að fresta nauðungaruppbodum fram til októberloka.
- Stuðningur aðstoðarmanns við gjaldþrot hefur verið aukinn, leiðbeiningaskylda vegna gjaldþrota lögleidd og aðfararfrestur lengdur úr 15 dögum í 40.
- Þeir sem eiga í vandræðum með skuldir sínar eiga nú kost á greiðsluaðlögun og mögulegri niðurfellingu skulda og starfsemi ráðgjafastofu um fjármál heimilana verður eflað.
- Velferðarvaktin stendur vörð um hagsmuni almennings og fylgist með þeim hópum sem veikastir eru fyrir.

Fleiri brýn mál bíða afgreiðslu Alþingis.

- Hækkun vaxtabóta um 25% sem getur verulega aukið tekjur hinna lægstlaunuðu.
- Frumvarp sem lagar stöðu þeirra sem skulda fasteignaveðlán.
- Fjölgun þeirra sem þegið geta listamannalaun.
- Stofnun eignarhaldsfélags um mikilvæg fyrirtæki sem eiga í miklum erfiðleikum
- Frumvarp um slit á fjármálafyrirtækjum og kostnaður af störfum skilaneftnda.
- Frumvarp um breytingar á fjármálamarkaði er varða niðurfellingu sektar eða ákæru til að greiða fyrir rannsókn afbrots.
- Frumvarp um styrkari skattfrankvæmd og hömlur gegn skattundanskotum
- Heimild til samninga um álver í Helgúvík.

Reykjavík 7. apríl 2009

